

Skýringar eftir fund SSÍ með fulltrúum starfandi þjálfara 14. maí 2013 og fund stjórnar SSÍ 15. maí 2013

Til að halda sem víðtækastri sátt í sundhreyfingunni, var að ósk starfandi þjálfara sest á fundi yfir og endurbættur útgefinn texti reglugerða fyrir AMÍ og UMÍ þriðjudaginn 14 maí 2013. Einnig var farið yfir lágmrörkin fyrir þessi mót og þau aðlöguð að óskum þjálfara. Þeir sem komu að þessari vinnu voru fh SSÍ, Hörður J. Oddfríðarson formaður SSÍ, Ingbjörg Helga Arnardóttir og Emil Örn Harðarson starfsmenn SSÍ og Arna Þórey Sveinbjörnsdóttir og Ragnar Friðbjarnarson þjálfarar sem sátu fundinn sem fulltrúar sundþjálfara á Íslandi. Á fundinum þakkaði formaður SSÍ þjálfurum fyrir óeigingjarnt starf í þágu sundhreyfingarinnar, en jafnframt ítrekaði hann þá skoðun sína að til að jafnræðis sé gætt og tillit tekið til allra sem málin varða, þá þurfa athugasemdir og tillögur að berast mun fyrir til að möguleg niðurstaða verði fagleg og ekki lituð hagsmunum einstakra aðila. Á fundinum var farið á opinskáan hátt yfir athugasemdir þjálfara sem borist höfðu í bréfi til aðila og ýmsar lausnir mátaðar. Gætt var að því að reglur stönguðust ekki á við almennar reglur og lög SSÍ og íþróttahreyfingarinnar í á Íslandi og ekki væri gengið gegn alþjóðlegum reglum og skuldbindingum sem SSÍ væri bundið af. Þá var tekið tillit til þess hversu stutt er í bæði mótin UMÍ og AMÍ. Niðurstaða fundarins eru tvær reglugerðir og nýtt lágmarkaskjal sem lagt var fyrir stjórn SSÍ til staðfestingar. Stjórn SSÍ gerði á fundi sínum örlitlar orðalagsbreytingar og skerpti á örfáum atriðum. Ekki var um efnislegar breytingar að ræða.

Tekið er tillit til óska og viðhorfa þjálfara um að meginhlutverk AMÍ sé ekki að vera hluti af uppbyggingu afrekssundfólks á Íslandi heldur fyrst og fremst lokahátíð yngra sundfólks á Íslandi. Öll lágmrörk endurskoðuð og lakasti tíminn í hverri grein settur sem lágmark greinar. Þetta er gert til að fjölga keppendum á mótinu.

Hert er mjög ákvæðið í reglugerð um hverjir eiga að vinna og koma með tillögur að lágmrörkum, hvenær þær tillögur eiga hafa borist stjórn SSÍ og hvernig stjórn SSÍ á að bregðast við hafi þær tillögur ekki borist í tíma. Miðað er við upphaf sundárs þannig að lágmrörk verði birt með minnst sjö mánaða fyrirvara. Þarna er gert ráð fyrir að starfandi þjálfarar hafi með sér virkt samtál um praktísk atriði og skili niðurstöðu slíks samtals til réttra aðila með það góðum fyrirvara að mögulegt sé að kynna hana í tíma og vinna eftir umgjörðinni til lengri tíma. Þessar greinar eru mjög áþekkar fyrir bæði mót.

Til að koma til móts við minni félög og þau félög, sem vegna aðstæðna í heimabyggð, byrja æfingatímabilið mjög seint með því að hleypa þeim inn á mótið með allt að fjóra einstaklinga án lágmarka og einnig til að koma til móts við einstaklinga sem ná lágmrörkum í einni eða tveimur greinum er sett ákvæði um að sundfólkið megi synda allt að þremur greinum á AMÍ án lágmarka að eigin vali á. Þessar greinar telja alltaf til stiga þar sem það á við. Einnig er sett ákvæði um að sundfólk geti mest synt sex einstaklingsgreinar á AMÍ.

Aldursflokkarnir halda sér á AMÍ þar sem keppt er um titilinn aldursflokkameistari í einstökum greinum og í boðsundum. Einnig er miðað við aldursflokka þegar veitt eru afreksverðlaun einstaklinga. Að öðru leyti er miðað við árganga, svo sem þegar veitt eru verðlaun fyrir einstakar greinar. Til að jafna stöðu félaga í keppninni um titilinn aldursflokkameistari félaga er, að tillögu þjálfara, sett ákvæði um að tveir hröðustu sundmenn félags í grein í árgangi telji til stiga.

Ákvæði um boðsund eru gerð skýrari að ósk þjálfara. Á AMÍ er ein stór blönduð boðsundsgrein sett á dagskrá í lokin. Ekki er gert ráð fyrir að sú grein telji til stiga og ekki eru

sett ákvæði um fjölda af hvoru kyni, nema í árgöngum 13, 14 og 15 ára. Í reglugerðinni er félögum heimilað að sameina krafta sína þannig að allir eigi möguleika á að synda í þessari lokagrein AMÍ.

Greinaröðun er tekin út úr reglugerð og ræðst greinafjöldi og röðun af tillögum þjálfara um lágmörk og tillögu landsliðsþjálfara að röðun greina. Þetta á við um bæði mót. Greinaröðun 2013 fyrir AMÍ og UMÍ er sú sama og kynnt hefur verið og verður send með reglugerðunum og tilkynningum til félaga.

Aldursflokkarnir eru tveir á UMÍ og gerð sú breyting að yngri aldursflokkurinn verði 15 – 17 ára, eins og hann var skilgreindur áður. 14 ára og yngri geta keppt á mótinu, en ekki unnið til verðlauna. Tilgangur keppni þeirra væri fyrst og fremst að ná lágmörkum í landsliðsverkefni. Einnig má hugsa sér að nýta heimild til „lágmarkamóts“ seinni hluta sunnudags. SSÍ hefur gefið út að síðasta tækifæri til að ná árangri inn í ákveðin landsliðsverkefni sé á UMÍ/helginni. Ekki er talið ráðlegt að setja á liðakeppni á UMÍ, þar sem hagsmunir félags í stigasöfnun geta haft afgerandi áhrif á möguleika sundfólks að ná lágmörkum í landsliðsverkefni.

Í ár var ákveðið að bjóða ekki upp á keppni í 1500 metra skriðsundi. Hins vegar er möguleiki á að óska eftir „time trials“ eftir hádegi á sunnudegi. Komi slík ósk fram fyrir upphaf UMÍ, verður orðið við því. Stjórn SSÍ afmarkaði þetta ákvæði með því að ítreka að á lágmarkamótinu verða einungis þær greinar sem ekki eru á UMÍ. Á mótinu geta 13 og 14 ára keppt á UMÍ til að ná í löglegan lágmarkatíma í þeim greinum sem þar eru.

Ljóst er að ósk um að halda lágmarkamót verður að berast til SSÍ ekki seinna en skráningafrestur á UMÍ rennur út. Ekki verður leyfilegt að setja sömu greinar á lágmarkamót og eru á UMÍ. Á lágmarkamótið þarf að skrá sundfólkið í síðasta lagi á föstudegi áður en UMÍ hefst. Ekki verður fyllt upp í riðla nema sundfólkið sé skráð á föstudegi.

Ákvæði um boðsund eru gerð skýrari að ósk þjálfara. Á alþjóðavettvangi er verið að breyta hægt og bítandi möguleikum á að hafa kynblandaða keppni. Þess vegna eru boðsund á UMÍ í kynblöndum flokkum. Kveðið er á um að amk 2 einstaklingar af hvoru kyni séu í sveitum.

Þessar skýringar verða lagðar fram sem bókun á stjórnarfundum SSÍ miðvikudaginn 15. maí 2013, öðrum til glöggvunar.

Reykjavík 15/5 2013
Hörður J. Oddfríðarson
Formaður SSÍ.